

„Jarðsett verður í heimagrafreit“

Nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga á níttjándu og tuttugustu öld

Fyrsta grein

Inngangur

Á síðustu áratugum níttjándu aldar og fyrri helmingi þeirrar tuttugustu ruddi áhuga-verð nýbreytni sér til rúms í greftrunarsíð Íslendinga. Rauf hún samhengi sem ríkt hafði allt frá öndverðri kristni í landinu. Í kristnum síð var löngum rík og alþjóðleg hefð fyrir því að sérhver skírður einstaklingur væri grafinn við kirkju, hefði hann ekki fyrirgert rétti sínum til að hvíla þar. Komst þessi skipan á hér í kjölfar trúarbragðaskipta. Sú skylda hvíldi svo á samfélaginu í heild að tryggja að allir fengju notið þessa réttar. Þeir einir voru útilokaðir frá vígðri mold sem ekki höfðu verið skírðir, höfðu fyrirfarið sér án þess að sýna iðrun fyrir andlátið, voru í banni biskups eða sekir skógarmenn. Biskup gat þó veitt undanþágu frá síðastnefnda banninu. Svo rík var krafan um að lík hvíldu í kirkjugörðum að í Kristinna laga þætti *Grágásar* var kveðið á um að grafa skyldi upp alla er hvíldu við aflagðar kirkjur og flytja jarðneskar leifar þeirra í næsta kirkjugarð.¹

Í fornnorrænum síð hafa þeir sem létust heima líklega almennt verið grafnir heimafyrir annaðhvort skammt utan túns eða fjær bænum og þá nærri landamerkjum. Auk þess voru þessi kuml oft nærri alfaraleiðum. Mynduðust á þessum tveimur stöðum með tímanum grafreitir þar sem heimilisfólk á hverjum bæ var grafið. Þar hafa þó sjaldan fundist fleiri en 10 grafir á hverjum stað.² Vera má að fyrst eftir kristnitöku hafi áfram verið jarðsett á gömlu kumlateigunum og að fyrstu

¹ „Kristinna laga þáttur“, *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, útg. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 1–45, hér 1–3, 5–10; Hjalti Hugason, *Frumkristni og uppbaf kirkju*, Kristni á Íslandi 1, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 336, 340. Á átjándu öld voru ákvæðin milduð þannig að grafa mátti brotafólk sem dæmt hafði verið til dauða í kirkjugarði en í kyrriþey. Sérákvæði um greftrun sakamanna voru svo felld brott 1869. *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands*, Kaupmannahöfn, 1870, bls. 640; Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften 2: 524, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 151–152; Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 2016, 2017, bls. 153–170, hér 153. Lengi eimdi eftir af banni við að þau sem frömdu sjálfsvíg væru grafin í kirkjugarði. Varð það ekki afnumið fyrr en 1881. *Sjórnartíðindi* 1881 B, bls. 37 (bréf landsh. til stiftsyrfrv. 4. febrúar 1881); Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 411.

² Á grundvelli núverandi rannsóknna er ekki mögulegt að fullyrða margt um grafsíði landsmanna í heiðni. Vera má að kumlin endurspegl þó tvö stig landnáms þannig að grafir nærri bæjum séu frá frumbýlisárum fyrstu íbúa landsins en kuml á útmörkum jarða séu yngri eða frá þeim tíma er fastmótað samfélag var komið hér á. Adolf Friðriksson, „Haugar og heiðni: Minjar um íslenskt járnaldarsamfélag“, *Hlutavelta tímans: Menningararfur á Þjóðminjasafni*, ritstj. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2004, bls. 57–63, hér 60–63; sjá Orri Vésteinsson o.fl., „Dating Religious Change: Pagan and Christian in Viking Age Iceland“, *Journal of Social Archaeology* mars 2019, án blaðsíðutals, sótt 9. nóvember 2020 af <https://journals.sagepub.com/doi/10.1177/1469605319833829>.

kirkjur landsins hafi verið reistar á þeim til að fullnægt væri ákvæðum kristinréttarins um að grafa lík einvörðungu við kirkjur.³ Síðar fluttust kirkjurnar heim að bæjarhúsunum og kringum þær mynduðust kirkjugarðar.⁴ Eftir það voru lík grafin þar.

Haldið var fast við þessa fornu hefð fram á síðasta fjórðung nítjándu aldar. Um það leyti tók hins vegar að örla á athyglisverðri nýbreytni á grafsiðnum sem fólst í að tekið var að nýju að grafa látna heimafyrir og nú í svokölluðum heimilis- eða heimagrafreitum.⁵ Það voru greftrunarstaðir sem teknir voru upp með heimild yfirvalda og vígðir til að vera legstaðir þröngt afmarkaðs hóps. Eru þetta líklega fyrstu formlegu grafreitirnir í íslenskri kristni sem ekki voru við guðshús.⁶ Jafnframt leiddu heimagrafreitirnir til þess að útfararathöfnin fluttist í einhverjum mæli úr kirkjum og heim á þá bæi þar sem grafreitir voru. Við það kom fram nýtt afbrigði útfarar, heimagraftrun. Vegna þess hve breytingin var róttæk, hversu mikil festa hafði ríkt í greftrunarsíðnum fram að þessu, sem og vegna þess hve margir heimagrafreitirnir urðu áður en yfir lauk, er hér um athyglisverða breytingu að ræða þótt vissulega hafi nýjungin ekki umbylt útfararsíðnum landsmanna og áhrif hennar væru mismikil eftir héruðum.

Nýbreytnin ruddi sér til rúms til sveita og var til komin vegna þrýstings frá bændum í þá veru að þeir og nánustu ættmenn þeirra fengju að hvíla heima á eignarjörðum sínum. Fyrsta leyfið var veitt til að taka upp heimagrafreit að Fiskilæk í Borgarfirði 1878 og fór þeim fjölgandi eftir það.⁷ Tekið var fyrir stofnun nýrra heimagrafreita með endurskoðuðum kirkjugarðalögum 1963. Blómatími þessarar nýbreytni var því hálfur níundi áratugur. Eftir það var þó heimilt að nota eldri grafreiti og hefur verið jarðsett í þeim fram á síðustu ár. Síðurinn er að því leyti enn við lýði í sumum héruðum þótt annars staðar sé hann liðinn undir lok.

³ Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, bls. 186, 340.

⁴ Sama rit, bls. 186–192.

⁵ Í fyrsta leyfisbréfi konungs fyrir heimagrafreit er aðeins talað um legstað. Svo er einnig í öðru leyfisbréfinu frá 1885 nema í fyrirsögn þess í *Sjórnartíðindum* þar sem talað er um heimilisgrafreit og er það í eitt fyrsta sinn sem orðið kemur fyrir. Um það eru fimm dæmi í Ritmálssafni Árnastofnunar. Eitt þeirra er frá síðari hluta nítjándu aldar, annað frá fyrri hluta þeirrar tuttugustu en hin yngri. Aðeins tvö eiga við grafreiti af því tagi sem hér er fjallað um en hin við grafir fornanna. *Sjórnartíðindi* 1878 B, bls. 81 (leyfisbr. 25. maí 1878); *Sjórnartíðindi* 1885 B, bls. 107–108 (leyfisbr. 30. júní 1885). Fram til 1910 virðist orðið „heimilisgrafreit“ hafa verið einrátt í bréfum biskups en í færslu bréfs í bréfabók embættisins frá 30. apríl það ár er orðið „heimilisgrafreit“ notað í fyrirsögn en „heimagrafreit“ í texta. Upp úr því varð síðara orðið svo til einrátt enda þjálá. *ÞÍ* (Þjóðskjalasafn Íslands). Bps (Biskupsskjalasafn). 1994. E/1. Bréfabók 26. mars 1910 til 12. desember 1910. Biskup til stjórnarráðsins 30. apríl 1910; „Heimilisgrafreit“, *ritmalssafn.arnastofnun.is*, sótt 19. júní 2019 af <https://ritmalssafn.arnastofnun.is/daemi/183295>.

⁶ Sjá Orri Vésteinsson og Hildur Gestsdóttir, „Kirkjur og kirkjugarðar“, *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*, aðalhöf. Birna Lárusdóttir, Reykjavík: Opna, 2011, bls. 73–89, hér 74. Frá þessu voru þó örfáar undantekningar. Sjá Ólafur Olavíus, *Ferðabók: Landshagir í norðvestur-, norður- og norðausturyslum Íslands 1775–1777, ásamt ritgerðum ...* 1, þýð. Steindór Steindórrson frá Hlöðum, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1964, bls. 167.

⁷ Á Hlíðarenda í Fljótshlíð var hállkirkja til forna. Á árunum 1705–1752 bjó Brynjólfur Þórðarson Thorlacius (1681–1762) sýslumaður þar. Lét hann reisa þar óvenju vandaða kirkju einhvern tímann fyrir 1745 og vildi að hún yrði viðurkennd sem alkirkja þótt hann yrði sjálfur að standa straum af aukinni þjónustu. Þessi viðurkenning strandaði á því að sóknarkirkjur voru bæði að Teigi og Eyvindarmúla skammt frá. Þó virðist Brynjólfur hafa fengið heimild fyrir heimagraftri. Er þetta hliðstæða þeirra forrétinda sem aðallinn naut víða um lönd að fá að hafa kapellur og jafnvel grafreiti á stórjardeignum sínum. Ekkert bendir til að heimildin hafi verið nýtt. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár 1*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948, bls. 288; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 1*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 273–276; Jón Skagan, *Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð*, Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs, 1973, bls. 100–109, 179–189; Gísli Brynjólfsson, „Kirkjan og þjóðin: Kirkja á frægum sögustað“, *Vísir* 2. febrúar 1974, bls. 8.

Einkagrafreitir tíðkuðust einnig í nálægum löndum. Upphaf þeirra í Noregi (n. private gravsteder), Danmörku (d. private begravelsespladser) og Svíþjóð (s. enskilda begravningsplatser) má rekja til þess að snemma á nítjándu öld var hætt að grafa einstaklinga úr efri lögum samfélagsins inni í kirkjum. Óx þá áhugi meðal fólks úr efri stéttum fyrir slíkum reitum. Tekið var að mestu fyrir stofnun einkagrafreita í Danmörku 1885 eða um líkt leyti og þeir tóku að ryðja sér til rúms hér. Í Noregi og Svíþjóð er rétturinn enn fyrir hendi en er þó einkum ætlaður skráðum trúfélögum og stofnunum sem liður í framkvæmd trúfrelsis í löndunum.⁸ Bestu samanburðargögn í þessari rannsókn koma frá Noregi. Þar er að finna örlítið færri einkagrafreiti en hér, eða um 160 á móti um 170.⁹ Upphaf grafreitanna í Noregi má að nokkru rekja til fyrrgreinds áhuga fólks úr efri stéttum á að halda sérstöðu sinni. Í einhverjum tilvikum höfðu hinir látnu óskað eftir að fá að hvíla heimavið eða á öðrum stað sem hafði sérstaka stöðu í huga þeirra. Í slíkum tilvikum gætti oft náttúruhyggju. Stundum voru ástæðurnar þó einfaldlega erfiðir líkflutningar eða slæmar aðstæður í sóknarkirkjugarði. Þá gátu trúarástæður legið því til grundvallar að kirkjugarðar ríkiskirkjunnar væru sniðgengnir.¹⁰ Um það eru aðeins örfá dæmi hér. Það sem einkennir nýbreytnina hér á landi var að hún hófst síðar en í grannlöndunum. Hér varð hreyfingin líka alþýðlegri. Þá var hún umfram allt öflugri en í Noregi þar sem ríflega tuttugufaldur munur var á íbúafjölda í löndunum tveimur en fjöldi grafreitanna er næstum sá sami.¹¹

Staða þekkingar og viðfangsefni

Nær ekkert hefur verið ritað fræðilega um íslenska heimagrafreiti. Nýlega birti Stefán Ólafsson fornleifafraeðingur þó grein í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* þar sem hann fjallaði um upphaf heimagrafreitanna, ákvæði laga um þá, fjölda þeirra og dreifingu um landið.¹² Stefán staðhæfir að ákvæði um heimagrafreiti hafi fyrst verið tekin upp í lög hér 1901 og í reglugerð árið eftir og hafi sóknarnefndum þá verið veitt umboð til að gefa leyfi fyrir þeim. Því telur hann að „leyfisbréfin“ um þá hafi horfið úr opinberum stjórnvaldsgögnum.¹³ Þetta er ekki að öllu leyti rétt. Ákvæðin frá byrjun tuttugustu aldar eiga við afmarkaða ættargrafreiti í kirkjugörðum. Umsóknarferlið um heimagrafreiti var óbreytt frá því sem tíðkast hafði á nítjándu öld og hvíldi stofnun þeirra áfram einvörðungu á stjórnvaldsákvörðunum. Heimagrafreita er aftur á móti ekki getið í lögum fyrr en 1932 og í reglugerð frá 1934. Þá var ráðherra heimilað að veita leyfi fyrir upptöku þeirra. Í grein sinni varpar Stefán

⁸ *Ministerialtidende* 1885 A, bls. 55; Helge Klingberg, *Private gravsteder*, [án útgáfustaðar]: E-forlag, 2019, bls. 6–10; Begravningslag (1990:1144), 2. kap., 6.–9. par., *riksdagen.se*, sótt 21. október 2019 af https://www.riksdagen.se/sv/dokument-lagar/dokument/svensk-forfattningssamling/begravningslag-19901144_sfs-1990-1144; Magdalena Jonsson, Rälla begravningsplats, Högsrums församling, Växjö stift, Kalmar län: Kulturhistorisk inventering av kyrkogårdar/begravningsplatser i Växjö stift 2007, bls. 8–9, *Kalmar läns museum*, sótt 9. september 2019 af https://www.kalmarlansmuseum.se/site/assets/files/11880/ralla_begrav.pdf; hjá höfund: Tölvubréf frá Oloph Bexell prófessor emeritus til höfundar 30. ágúst 2019.

⁹ Helge Klingberg, *Private gravsteder*, bls. 3, 70, sjá og bls. 12–62.

¹⁰ Sama rit, bls. 6–7, 11, 64–66, 68, 73, 74–76, 79.

¹¹ Population, 05803: Population 1 January and population changes during the calendar year 1735–2019, by contents and year, *Statistics Norway*, sótt 16. desember 2019 af <https://www.ssb.no/en/statbank/table/05803/tableViewLayout1/>; *Hagskinna: Sögulegar bagtölur um Ísland*, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997, bls. 65.

¹² Stefán Ólafsson „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 153–170.

¹³ Sama rit, bls. 153–170, hér 153, 158–159, sjá 166.

aftur á móti fram ýmsum athyglisverðum tilgátum um ástæður þess að grafreitir voru stofnaðir, hvernig á mismunandi dreifingu þeirra eftir héruðum stendur og hvers vegna heimagraftrun varð eins vinsæl og raun ber vitni.¹⁴ Stefáni virðist ókunnugt um þau viðamikilu skjalagögn sem varðveitt eru í skjalasafni stjórnarráðsins og byggt er á í þessari rannsókn. Hér verður því dregin upp mun ítarlegri mynd af siðnum en fram kemur í grein hans, auk þess sem mögulegt er að staðfesta eða gagnrýna ýmsar af tilgátum hans um ástæðurnar fyrir nýbreytninni á grundvelli þessara heimilda.

Sá sem þetta ritar hefur í öðrum greinum grafist fyrir um almennar skýringar á því hvers vegna heimagröftur ruddi sér til rúms og hvaða ástæður umsækjendur gáfu upp fyrir óskum sínum um að stofna einstaka grafreiti. Jafnframt hefur undirritaður sýnt fram á vissa spennu sem nýbreytnin hafði í för með sér milli þeirra sem helst áttu hlut að máli: bænda, kirkjunnar manna og veraldlegra yfirvalda.

Almennu skýringarinnar á nýbreytninni virðist einkum að leita í marghátuðum framförum á sviði landbúnaðar frá um 1880. Þær áttu meðal annars rætur að rekja til vaxandi sjálfsábúðar og aukinnar ábúðarfestu á jörðum í opinberri eigu sem var meðal annars til komin með erfðafestu. Þannig gátu bændur í auknum mæli vænst þess að afkomendur þeirra gætu tekið við býlunum eftir þeirra dag. Tækninýjungar í landbúnaði og félags- og menningarleg framsókn bænda skipti og miklu fyrir þróun heimagraftarsíðarins. Virðist raunar mega sýna fram á að fjölgun heimgrafreita sveiflaðist í takt við breytilegt gengi á þessu sviði. Það kemur því ekki á óvart að algengustu uppgefnu ástæðurnar fyrir umsókn um leyfi til að stofna heimgrafreit voru tilfinningalegar eða hugrænar. Er þar einkum um að ræða óskir fólks tengdar sorg og dauða, ættrækni og áttahaást. Koma þær síðarnefndu vel heim og saman við almennu skýringuna. Önnur skýring á nýbreytninni felst svo í að lengst af tímabilsins 1880–1960 gætti kirkjulegrar deyfðar víða um land sem kom fram í upplausn ýmissa trúarlegra siða, svo sem kvöldmáltíðarsíðarins. Við þær aðstæður er skiljanlegt að hinn gamalgróni greftrunarsíður hafi að nokkru vikið fyrir þeirri nýjung sem í heimgraftri fólst.¹⁵

Svo til frá upphafi gætti andstöðu af þjóðkirkjunnar hálfu gegn heimgraftri þótt mismunandi væri eftir tímabilum hve langt forystumenn hennar, einkum biskupar, gengu. Sumar mótbárur þeirra voru af félagslegum toga en þeir litu svo á að nýbreytnin væri sprottin af óskum fólks um að skera sig frá öðrum, jafnvel eftir dauðann. Minnir það á ástæður sem taldar eru hafa vegið þungt varðandi stofnun einkagrafreita til dæmis í Noregi. Þá gengu biskuparnir út frá „almennum sjónarmiðum“ sem fólust í að þeir álitu að viðbúið væri að heimgrafreitir legðust í vanhirðu við eigendaskipti á jörðum, að þeir drægju úr ræktarsemi við sóknarkirkjugarða og gætu auk þess orkað tvímælis út frá heilbrigðissjónarmiðum. Þetta má skoða sem varðstöðu um góða útfararmenningu. Loks héldu þeir fram „kirkjulegum sjónarmiðum“ sem fólu í sér að látnir ættu að hvíla saman í grafreit sóknar sinnar í samræmi við aldagamlar venjur. Veraldleg yfirvöld fylgdu biskupi að málum um skamman tíma á öðrum og þriðja áratug tuttugustu aldar, sem og á sjöunda

¹⁴ Sama rit, bls. 157–158, 159, 165–166, 167.

¹⁵ Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimgrafreita á Íslandi: Rannsókn á umsóknargögnum“ grein í ritrýni. Útgáfa áformuð 2021.

áratugnum er bannað var að taka upp nýja grafreiti. Þrýstingur bænda var aftur á móti verulegur allt til loka tímabilsins.¹⁶

Markmið þessarar greinar og tveggja annarra sem birtast munu í næstu heftum *Ritradarinnar* er að kortleggja ýmsar hliðar á þeirri nýjung sem í heimagraftrinum fólst og gefa yfirlit yfir þróun og útbreiðslu síðarins. Fyrst verður fjallað um opinbera stefnumörkun um heimagrafreitina og þann lagaramma sem um þá var settur. Þá verður vikið að framkvæmd laganna, svo sem því umsóknarferli sem komst á jafnvel áður en kveðið var á um reitina í lögum, sem og ýmis önnur atriði sem lúta að stofnun grafreita, meðal annars þau skilyrði sem sett voru fyrir leyfisveitingum. Í lokin verður svo vikið að stærð grafreitanna og því hvernig henni voru settar skorður. Í næstu grein verður gerð grein fyrir fjöldaþróun, sem og dreifingu heima-grafreita um landið, en hún veitir mikilvæga innsýn í útbreiðslu heimagraftarsíðarins í tíma og rúmi. Í þeirri þriðju verður svo fengist við fagurfræði grafreitanna sem felur í sér staðarval fyrir þá, girðingu umhverfis þá og annað sem að útliti lýtur. Loks verður þar einnig fjallað um áhrif grafreitanna á útfararathöfnina sjálfa.

Rannsóknin byggist meðal annars á gögnum um rúmlega 200 umsóknir um heimild til að stofna heimagrafreiti frá 1878, er fyrsti grafreiturinn var heimilaður, til 1963 þegar heimild til að veita slík leyfi var felld úr lögum. Flestar fengu þær jákvæðar undirtektir, sumum var hafnað og nokkrar dagaði uppi eða fólk hvarf frá fyrirætlunum sínum. Alls leiddu þessar umsóknir til að stofnaðir voru um 170 grafreitir.¹⁷ Gögnin eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands, bréfasafni stjórnarráðsins (fyrstu skrifstofu) og síðar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Auk þess koma nokkur gögn úr skjalasafni biskupsembættisins við sögu. Ekkert bendir til að þessi umfangsmiklu skjalagögn hafi verið rannsökuð áður á þann hátt sem hér er gert. Þessi gögn samanstanda alla jafna af umsókn um leyfi, oftast ásamt nokkrum fylgiskjölum, umsögn biskups, uppkasti af leyfisbréfi sem síðar var gefið út formlega og afhent leyfishafa að uppfylltum ákveðnum skilyrðum ásamt uppköstum af bréfi stjórnarráðsins til hlutadeigandi sýslumanns og biskups. Þar var hinum fyrrnefnda falið að afhenda leyfisbréfið gegn gjaldi en hinum síðarnefnda að sjá til að þeim skilyrðum leyfisins yrði fullnægt sem heyrðu undir embætti hans. Eftir að ritsíminn var opnaður 1906 varð algengt að símskeyti leystu mörg þessara skjala af hólmi.¹⁸ Höfundur kannaði öll skjölin og safnaði úr þeim fjölþættum upplýsingum eins og fram kemur í greininni. Mynda þær hryggjarstykkið í rannsókninni. Í ljós kom, af gögnunum að dæma, að ekki var gengið ríkt eftir að umsækjendur gerðu grein fyrir ástæðum umsókna sinna og koma þær misvel fram. Biskupar lýstu stundum yfir afstöðu til einstakra umsókna. Oftast létu þeir þó aðeins í ljós andstöðu við heimagrafreiti almennt. Oft var það gert með almennu orðalagi en stundum, til dæmis í upphafi embættisferils eða þegar úr hófi þótti keyra, með ítarlegri álitsgerð. Almennt var umsögn biskups neikvæð. Gögnin veita því betri innsýn í afstöðu kirkjunnar manna til heimagrafreitanna en í sjónarmið bændastéttarinnar, en til hennar töldust umsækjendur nær undantekningarlaust. Af skjölunum má þó

¹⁶ Hjalti Hugason, „Átökin um útförina: Skiptar skoðanir um heimagrafreiti á Íslandi á níjtjándu og tuttugustu öld“, *Saga* LVIII:2, 2020, bls. 65–95.

¹⁷ Áður hafa grafreitir hér verið taldir 158. Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 164 (tafla).

¹⁸ Framan af eru gögn um hvern grafreit varðveitt í sérstökum möppum í hverri skjalaöskju. Þegar komið er fram á þriðja áratug tuttugustu aldar eru skjöl um fjölmarga reiti varðveitt í fjórum safnmöppum og heimildir um einstaka reiti misaðgengilegar.

ýmislegt marka um það efni. Fyrir kemur að starfsmenn stjórnarráðsins og jafnvel ráðherra hafi ritað álit sitt á umsóknargögnin og eru athugasemdir þeirra oft dagsettar. Veita slíkar áritanir innsýn í hvernig plöggin hafa gengið milli manna, hvaða sjónarmið réðu ferðinni við afgreiðsluna og sýna jafnvel skiptar skoðanir í stjórnarráðinu.

Einnig ber að geta annarrar mikilvægrar óútgefnar heimildar en það er skýrsla um úttekt umsjónarmanns kirkjugarða og prófests á heimagrafreitum í Múla-prófastsdæmi (áður Norður- og Suður-Múla-prófastsdæmi) frá 2002 sem nær til alls 49 af 57 grafreitum á svæðinu. Þar er stærð og staðsetning hvers reits tilgreind, getið minningarmarkna í honum og girðingu og umhirðu lýst. Auk þess fylgir legstaðaskrá sérhvers reits, sem og ljósmynd.¹⁹ Hér er og nokkuð byggt á legstaðaskrá á vef Kirkjugarðasambands Íslands, *gardur.is*, og þá einkum um fjölda grafa og tímasetningu greftrana í einstökum grafreitum.²⁰

Stefnumörkun um heimagrafreiti

Þórður Sigurðsson (1822–1883) hreppstjóri á Fiskilæk í Borgarfirði varð fyrstur manna til að fá leyfi fyrir heimagrafreit hér á landi 1878.²¹ Þótti umsóknin nýstárleg og fékk því nákvæma meðferð. Þórður færði þau rök fyrir beiðni sinni að eðlilegt væri að hver og einn héldi upp á þá jörð sem hann hefði hamingjusamlega séð sér og sínum farborða á og óskaði að hvíla þar látinn. Þá taldi hann að í kjölfar síðaskipta hafi verið algengt að jarðað væri við bænhús án þess að þar væri formlegur kirkjugarður. Taldi hann að ekkert ætti að mæla gegn leyfisveitingu ef grafreitir væru vel varðir, þeir vígðir, allar jarðarfarir þar væru framkvæmdar af sóknarpresti á kirkjulegan máta og að sóknarkirkjan yrði ekki af tilskildum gjöldum. Virðist Þórði hafa verið kunnugt um skilyrði í þessu efni í Danmörku og byggt umsókn sína á fyrirmyndum þaðan. Stiftsýfirvöld, Bergur Thorberg (1829–1886), þá amtmaður en síðar landshöfðingi, og Pétur Pétursson (1808–1891) biskup, áframsendu umsóknina til Hilmars Finsen (1824–1886) landshöfðingja og töldu að frá kirkjulegu sjónarmiði mælti ekkert móti því að leyfið yrði veitt. Vildu þeir þó að krafist yrði að í reitnum væri klukknaús með klukku en líkhringing þótti mikilvægur þáttur í lútherskri útför. Landshöfðingi vísaði umsókninni til Íslandsmálaráðuneytisins. Í bréfi sínu haldi hann Þórði og taldi hann ekki hafa nein dulin markmið með beiðninni. Tók hann undir með stiftsýfirvöldum um kirkjulegu ástæðurnar og mælti með umsókninni. Veitti Íslandsmálaráðgjafinn, J.M.V. Nellesmann (1831–1906), leyfið.²² Þar með var fordæmi skapað fyrir áframhaldandi leyfisveitingum sem hvíldu, eins og fram er komið, á stjórnvaldsákvörðunum án þess að sérstakar lagaheimildir væru

¹⁹ Umsjónarmaður kirkjugarða veitti höfundu góðfúslega aðgang að skýrslunni sem geymd er við embætti hans og er það hér með er þakkað.

²⁰ Meira reynir á notkun þessarar heimildar í grein sem væntanleg er í næsta hefti. Verður frekar fjallað um notkun hennar þar.

²¹ ÞÍ. Íslenska stjórnardeildin. XV.10. Islands Journal 15, nr. 347. Leyfisbréf 25. maí 1878; *Stjórnartíðindi* 1878 B, bls. 81 (leyfisbr. 25. maí 1878); Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 154.

²² ÞÍ. Íslenska stjórnardeildin. XV.10. Islands Journal 15, nr. 347. Þórður Sigurðsson til stiftsýfirvalda 20. nóvember 1877; sama stað. Stiftsýfirvöld til landshöfðingja 8. mars 1878; sama stað. Landshöfðingi til ministeriet for Island 15. mars 1878; sama stað. Leyfisbréf 25. maí 1878; *Stjórnartíðindi* 1878 B, bls. 81 (leyfisbr. 25. maí 1878); *Stjórnartíðindi* 1934 B, bls. 185, 188; Inger Marie Tønnessen, „Kirkelige handlinger i etterreformatorsk tid: Praksis og teologisk innhold“, *Alt mellom himmel og jord: Religion, prest og kirke i lokalsamfunnet*, ritstj. Hans Hosar, Ósló: Norsk lokalhistorisk institutt, 2003, bls. 50–74, hér 69–70.

fyrir hendi. Fram til aldamóta voru svo níu leyfi gefin út á sama grundvelli en eitt þeirra var afturkallað.

Stefán Ólafsson telur, eins og dregið var á, að fyrstu almennu heimildina til að taka upp heimagrafreiti hér sé að finna í lögum og reglugerð frá því um aldamótin 1900. Í sjöttu grein reglugerðar um kirkjugarða frá 1902 er rætt um heimild fólks til að sækja um að „[...] fá útmældan grafreit til legstaðar handa sjer og ættmönnum sínum“ og skyldi það látið eftir „[...] að svo miklu leyti sem sóknarnefnd þykir ástæður leyfa.“²³ Stefán skilur ákvæðið svo að átt sé við heimagrafreiti og að með þessu hafi stjórnvöld afsalað sér leyfisveitingavaldi á þessu sviði til „kirkjunnar“.²⁴ Hér er þó tvímælalaust um útmælda ættarreiði í sóknarkirkjugörðum að ræða. Slíkir reitir eða fjölskyldugrafir eru alþekktar bæði hér og í nágrannalöndunum og þá ekki síður í borgum en til sveita.²⁵ Í kjölfar reglugerðarinnar var töluvert um að lík væru flutt til í kirkjugörðum þannig að ástvinir hvíldu saman í slíkum reitum hvort sem þeir voru sérstaklega afmarkaðir eða ekki.²⁶ Þessi merking reglugerðarákvæðisins verður enn ljósari þegar þess er gætt að sóknarnefndir áttu að meta hvort ástæður leyfðu slíka grafreiti. Það gátu þær aðeins gert á þeim stað sem þær höfðu yfirráð yfir, það er í kirkjugarði, en ekki heima á einstökum bújörðum þar sem heimagrafreitir voru staðsettir. Einu ástæðurnar sem sóknarnefndir hefðu getað metið í því sambandi voru fjárhagslegar og fólust þá í því hvort sóknin þyldi það tekjutap sem af heimagraftrun kynni að hljóta. Við því var þó séð með öðrum hætti.²⁷ Fyrirvarinn fjallar raunar heldur ekki um þessar fjárhagslegu aðstæður heldur hvort rými í kirkjugarðinum leyfði úthlutun af þessu tagi. Ennfremur segir að legstaðareigandi skuli fá hjá kirkjuhaldara löglegt heimildarskjal fyrir legstaðnum. Slíka heimild gat kirkjuhaldari ekki veitt jarðeiganda á eigin jörð. Þá kvað reglugerðin á um að skrá yfir útmælda legstaði skuli fylgja kirkjustóli kirkjunnar. Með því er átt við skrá sem fjárhaldsmanni kirkju bar að færa yfir eignir hennar og innanbúnað, auk fastra tekna. Eðlilegt var að ættargrafreita í sóknarkirkjugarði væri getið í slíkri skrá, með þeim mannvirkjum sem grafreitunum tilheyrðu, til dæmis girðingu og minningarmörkum. Því máli gegndi aftur á móti ekki um grafreiti sem voru á jörð í einkaeigu. Mestu skiptir þó að umsóknar- og leyfisveitingarferlið breyttist ekki eins og Stefán gerir ráð fyrir.²⁸ Umsóknir voru áfram sendar til æðstu yfirvalda, afgreiddar af þeim og haldið til haga í skjalasöfnum þeirra.

Árið 1930 lagði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar (1889–1935) fram frumvarp um kirkjugarða þar sem meðal annars var kveðið á um heimagrafreiti en þetta var fyrsta ráðuneytið sem Framsóknarflokkurinn leiddi og tók við stjórnartaumunum 1927. Sat það til 1932 og var Jónas Jónsson frá Hriflu (1885–1968) dóms- og kirkjumálaráðherra lengst af. Frumvarpið var samið af svokallaðri kirkjumálanefnd sem Jónas stofnaði,²⁹ en hann var einn af forystumönnum Framsóknarflokksins, helsta

²³ *Stjórnartíðindi* 1902 B, bls. 146 (reglug. 12. júlí 1902).

²⁴ Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 158–159.

²⁵ Magdalena Jonsson, Rälla begravningsplats, bls. 5.

²⁶ Lík voru einnig færð milli garða sem og kirkjugarða og heimagrafreita. Sjá m.a. gögn í *BÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1252.1. Líkflutningar frá 29. janúar 1943 til 31. desember 1972.

²⁷ Sjá Björn Hallsson, „Eptirmæli“, *Austri* 18. mars 1915, bls. 39.

²⁸ Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 158–159.

²⁹ Nefndin var skipuð 1929 og í henni sátu prestarnir Þorsteinn Briem (1885–1949), Sveinbjörn Högnason (1898–1966) og Jón Guðnason (1889–1975), auk Jónasar Þorbergssonar (1885–1968), síðar útvarpsstjóra, og Runólfs Björnssonar (1887–1963), bónda á Kornsó. Merkasta framlag hennar var frumvarp til laga um kirkjuráð sem varð að lögum 1931

drifkraftarins í þeirri framrás sem stóð yfir í sveitum landsins um þessar mundir. Samkvæmt frumvarpinu skyldi ráðherra heimilt að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti að fengnum meðmælum biskups. Aðeins var gert ráð fyrir að leyfiss-hafi, auk eiginkonu og barna, fengi leg í reitnum. Því gerði frumvarpið fremur ráð fyrir fjölskyldugrafreitum en heimilisgrafreitum þar sem alvanalegt var á þessum tíma að fleiri tilheyrðu heimili en kjarnafjölskylda. Vottorð héraðslæknis um að greftrunarstaðurinn væri vel valinn átti að fylgja umsókn, sem og uppdráttur af skipulagi og girðingu reitsins. Leyfið skyldi háð þeim skilyrðum að stofnandi setti hæfilegt veð fyrir því að hann reisti í tæka tíð trausta og vandaða girðingu um reitinn samkvæmt uppdrættinum og legði að minnsta kosti 600 kr. í legstaðasjóð í vörslu sóknarnefndar grafreitnum til viðhalds enda skyldi sóknin ábyrg fyrir viðhaldinu ef vandamenn þeirra er í honum hvíldu flyttu burt eða féllu frá. Auk þess áttu eigendur heimagrafreita að greiða öll sömu gjöld til sóknarkirkjugarðs síns og aðrir.³⁰ Sumt af því sem hér var áskilið hafði raunar verið tíðkað lengi, eins og krafan um læknis-vottorð og veð, eins og sýnt verður fram á. Ljóst virðist þó að skilyrðin hafa þótt íþyngjandi.³¹ Frumvarpið náði ekki fram að ganga á þinginu.³² Það dagaði líka uppi á vetrarþingi 1931.³³

Árið 1932 var frumvarp sama efnis enn lagt fyrir þingið en nú sem þingmanna-frumvarp, borið fram af þingmönnum Jóni Jónssyni (1886–1939) og Páli Her-mannssyni (1880–1958) Framsóknarflokki, auk Guðrúnar Lárusdóttur (1880–1938) Sjálfstæðisflokki. Voru ákvæði þess um heimagrafreiti samhljóða því sem verið hafði í fyrra frumvarpi.³⁴ Á þingi voru ekki allir á einu máli um ágæti heima-gra freita. Veigamestu rökin gegn þeim voru að þeir myndu draga úr ræktarsemi og skerða rekstrargrundvöll sóknarkirkjugarða nema vel væri girt fyrir hið síðarnefnda með gjöldum. Helsti tilgangur frumvarpsins var einmitt að lyfta kirkjugörðum landsins úr lægingu sem margir álitu ástand þeirra bera vott um. Þá var og bent á að með heimagreftri væri mannamun viðhaldið eftir að „[...] líkaminn er lagður í gröfina.“³⁵ Þrátt fyrir aðvörunarorð ýmissa beittu Jónas frá Hriflu og fleiri sér fyrir lækkun þess gjalds sem krafist skyldi að lagt væri fram til viðhalds grafreitunum. Tóku enda ýmsir undir með honum um að ekki ætti einungis að vera á færi efnafólks að koma sér upp einkagrafreitum. Jónas taldi þó að ekki ætti að fella gjaldið alveg niður þar sem heimagrafreitir gætu vissulega rýrt umhyggju fólks fyrir sóknarkirkju-görðum ef þeim fjölgaði úr hófi.³⁶ Að þessu sinni var kirkjugarðafrumvarpið samþykkt og varð það að lögum nr. 64/1932. Þá höfðu þær breytingar verið gerðar að örlítið hafði verið slakað á ákvæðum í upphaflegu frumvarpi um hverja mætti grafa heima. Voru reitirnir nú heimilir stofnandanum og „vandamönnum“ hans. Áfram var þó fremur um ættar- en heimilisgra freiti að ræða. Þá var af kostnaðar-ástæðum fallið frá að krefjast vottorðs frá héraðslækni og látið nægja að hreppstjóri og tveir skilríkir menn vottuðu að staður væri vel valinn. Þessi tilslökun breytti þó

og boðaði nýja tíma í stofnunaruppbyggingu þjóðkirkjunnar. Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin 1845–1943*, Reykjavík: Alþingissögufélag, 1952, bls. 106–107, 113–114, 126–128.

³⁰ *Alþingistíðindi* 1930 A, bls. 1174–1175. Um legstaðasjóði, sjá nmgr. 37.

³¹ Sveinn Víkingur, „Kirkjumál á Alþingi“, *Austri* 1. apríl 1931, bls. 1–3, hér 1.

³² *Alþingistíðindi* 1930 C, d. 469.

³³ *Alþingistíðindi* 1931 A, vetrarþing, bls. 282.

³⁴ *Alþingistíðindi* 1932 A, bls. 280–281.

³⁵ *Alþingistíðindi* 1932 B, d. 1998–1999, 2001, 2002–2003.

³⁶ Sama rit, d. 1985, 1987, 1997–1998

litlu í framkvæmd og hélst eldri skipan í þessu efni. Loks var framlag í legstaðasjóð lækkað mjög frá upphaflegri hugmynd og skyldi að lágmarki nema 150 kr. Þá upphæð mátti þó líka ávaxta á annan máta en í legstaðasjóði, til dæmis í sparísjóði. Einnig var slakað á gjaldskyldu þeirra er heimagrafreiti áttu til sóknarkirkjugarðs. Þeir skyldu aðeins gjalda sinn hluta af álögðu viðbótargjaldi, ef lögboðnar tekjur garðsins hrukku ekki fyrir útgjöldum. Jafnframt var dregið úr þeim skyldum sem frumvarpið gerði ráð fyrir að sóknarnefndir öxluðu á viðhaldi heimagrafreita. Þó skyldu þær hafa eftirlit með þeim ef stofnaður hafði verið legstaðasjóður og ekki gerðar neinar aðrar ráðstafanir um viðhaldið. Loks áttu prófastar að líta eftir grafreitunum á reglubundnum yfirreiðum sínum.³⁷ Með þessu var í fyrsta sinn kveðið á um heimagrafreiti í lögum og voru hin endanlegu ákvæði laganna mun vilhallari þeim er stofna vildu grafreiti en lagt hafði verið upp með tveimur árum áður.³⁸ Vert er að ítreka að löggin færðu valdið til að veita heimild fyrir nýjum grafreitum ekki heim í hérað. Í reglugerð um kirkjugarða var svo kveðið á um vígslu heimagrafreitanna sem prestur skyldi annast í fyrsta sinn sem grafið var í þá. Þar var og kveðið á um að allir grafreitir skyldu girtir fjárheldri girðingu úr steinsteypu, hlöðnu grjóti eða öðru efni sem prófastur teldi sæma.³⁹

Samkvæmt lögnum frá 1932 voru engar hömlur lagðar á að taka mætti upp nýja grafreiti svo fremi sem skilyrði laganna væru uppfyllt. Þótti þetta ýta undir of mikla fjölgun. Þá var viðhaldi grafreita víða talið ábótavant, einkum þar sem jarðir gengu úr ættum eða fóru í eyði. Eysteinn Jónsson (1906–1993) menntamálaráðherra, sem einnig fór með kirkjumál á þessum tíma, gekkst því fyrir að menntamálanefnd neðri deildar þingsins legði fram frumvarp 1948 þess efnis að aðeins skyldi heimilað að stofna grafreiti á óðals- og ættarjörðum samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða jörðum sem þannig væru í sveit settar að líkflutningar þaðan væru sérstaklega torveldir. Þá átti að hækka upphæðina sem lögð var fram til viðhalds grafreitsins úr 150 kr. í 500 kr. Umræður urðu litlar og dagaði málið uppi.⁴⁰ Tæpum áratug síðar, eða 1957, lagði hliðstæð nefnd fram nýtt heildarfrumvarp að kirkjugarðalögum og nú að tilhlutun Hermanns Jónassonar (1896–1976) forsætisráðherra sem einnig fór með dóms- og kirkjumál. Ákvæði frumvarpsins um heimagrafreiti fóru í sömu átt og í frumvarpinu frá 1948. Þá var lagt til að heimilt væri að leggja grafreiti niður og breyta þeim í grasflöt eða trjálund ef ekki hefði verið grafið þar í aldarfjórðung. Frumvarpið var tekið af dagskrá eftir aðra umræðu.⁴¹ Af því sem hér var rakið má sjá að ráðherrar

³⁷Ákvæði laganna um legstaðasjóði voru þannig að öllum var heimilt að stofna sjóð til viðhalds tiltekins legstaðar. Sóknarnefnd skyldi hafa stjórn sjóðsins á hendi undir yfirstjórn prófests en hvern sjóð átti að ávaxta í sérstakri viðskiptabók í Söfnunarsjóði Íslands. Stofnandi átti í samráði við sóknarnefnd að setja fyrir mæli um hvernig verja skyldi vöxtum til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins og sóknarnefndin að vera ábyrg fyrir framkvæmdum. Legstaðasjóðir gátu hvort heldur sem var tengst legstað í kirkjugörðum eða í heimagrafreitum. *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 152, 155 l. nr. 64/1932; *Alþingistíðindi* 1932 B, d. 2005–2008. Með reglugerð 1934 voru prófasti áskilin hálf vísitásiulaun fyrir að líta eftir heimagrafreit. Var það í samræmi við eldri hefð, sjá nmgr. 62. *Stjórnartíðindi* 1934 B, bls. 189 (reglug. nr. 83/1934).

³⁸ Bjarni Sigurðsson, *Gesichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 340.

³⁹ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 184–185 (lög nr. 64/1932).

⁴⁰ *Alþingistíðindi* 1948 A:1, bls. 687–688; *Alþingistíðindi* 1948 C, d. 506–508. Óðal var jörð sem eigandi batt ákveðnum kvöðum, m.a. að henni mætti ekki skipta milli erfingja. Ættarjörð var jörð sem verið hafði í eigu sömu ættar í a.m.k. 100 ár án þess að hún hafi verið gerð að óðali. *Stjórnartíðindi* 1943 A, bls. 232, 237 (lög nr. 116/1943).

⁴¹ Frumvarpið var samið af nefnd er skipuð hafði verið 1955 og í sátu Ásmundur Guðmundsson (1888–1969) biskup, Gústaf Jónasson (1896–1961) ráðuneyttisstjóri og Sveinn Víkingur (1896–1971) biskupsritari og umsjónarmaður kirkjugarða. *Alþingistíðindi* 1957 A:2, bls. 726, 730; *Alþingistíðindi* 1957 C, d. 321; Sveinn Víkingur, „Kirkjugarðalögin nýju“, *Kirkjuritið* 2/1964, bls. 74–80, hér 78. Athyglisvert er að hefði frumvarpið orðið að lögum hefði það breytt heimagrafreitum úr fjölskyldugrafreitum í ættargrafreiti á óðulum.

Framsóknarflokksins áttu stærstan hlut að því að sett voru lög um heimagrafreiti og að þess var freistað að þróa þau áfram. Málið velktist svo fyrir Alþingi og kirkjuþingi næstu árin án þess að breytingar næðu fram að ganga.⁴²

Eftir þennan langa aðdraganda var loks tekið fyrir upptöku heimagrafreita með lögum um kirkjugarða nr. 21/1963. Áfram mátti þó grafa í eldri reitum en ýmsum ákvæðum var ætlað að draga úr notkun þeirra. Grafreitir á ættaróðulum skyldu til dæmis falla niður gengju þau úr ættinni. Leyfishafar eldri grafreita skyldu gjalda til sóknarkirkjugarðs öll sömu gjöld og aðrir enda ættu þeir fullan rétt á að hvíla við kirkjuna. Þá mátti leggja heimagrafreit niður með fyrrgreindum skilyrðum. Skyldi þá farið með reitinn líkt og niðurlagðan kirkjugarð.⁴³ Eitt helsta tilefni frumvarpsins var mikil fjölgun heimagrafreita undanfarin ár auk langvarandi andstöðu þjóðkirkjunnar við þá.

Samkvæmt frumvarpinu frá 1957 hafði verið gert ráð fyrir að áfram mætti taka upp heimagrafreiti en þó með hertum skilyrðum. Til að mynda skyldi það aðeins heimilt á formlegum ættaróðulum. Einnig var ráð fyrir því gert að þar mætti aðeins jarða heimamenn nema sérstaklega staði á og þá með undanþágu frá kirkjumálaráðuneytinu að fengnu samþykki biskups.⁴⁴ Ríkur vilji var því fyrir að stemma sem mest stigu við heimagraftrunum. Að undirlagi þjóðkirkjunnar var þó gengið lengra og bannað að veita heimild fyrir stofnun nýrra grafreita í frumvarpinu sem varð að lögum 1963.⁴⁵ Ástæðan var að þeir þóttu draga úr ræktarsemi fólks við sóknarkirkjugarða en til viðbótar við illa hirta kirkjugarða voru grafreitirnir oft sagðir enda sem „[...] vanrækt, umhirðulítill eða yfirgefin einstök kuml.“⁴⁶ Átti þetta ekki síst við þegar jarðir lögðust í eyði. Greinargerð með frumvarpinu lauk með ályktunarorðunum:

Sú reynsla, sem komin er á það, hvernig heimildin um upptöku heimagrafreita gefst í framkvæmd hnígur öll á eina sveif um það, að hún ætti að hverfa úr lögum. Einkagrafir í túnum og móum víðs vegar, meira eða minna vanhirtar, samfara illa girtum og umhirðulitlum kirkjugörðum, bera vitni um skort á þegnlegri félagshyggju og samvinnuvilja. Virðist eins og nú háttar um farartæki og samgöngur, engu meiri ástæða til að heimila fólki í sveitum að grafa lík í hlaðvarpa, trjágarði eða túnfæti en að leyfa fólki í bæjum að koma dufti framliðinna fyrir í skrúðgörðum við hús sín.⁴⁷

Frumvarpið var samið af nefnd undir forsæti Sigurbjörns Einarssonar (1911–2008) biskups sem var mikill andstæðingur heimagrafreita og má finna samhljóm í þessum orðum og ýmsum umsögnum hans um einstakar umsóknir um stofnun grafreita frá svipuðum tíma.⁴⁸

Bannið var nokkuð rætt á þinginu. Þingmennirnir Sigurvin Einarsson (1899–1989) í efri deild og Skúli Guðmundsson (1900–1969) í neðri deild, báðir úr Framsóknarflokki, vildu að áfram væri heimilt að stofna heimagrafreiti en að ráðstafanir yrðu gerðar til að tryggja bættu umhirðu þeirra ekki síður en sóknarkirkjugarðanna.

⁴² *Alþingistíðindi* 1962 B, d. 1501; Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 161–163.

⁴³ *Stjórnartíðindi* 1963 A, bls. 195 (l. nr. 21/1963); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgehalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 340–341.

⁴⁴ *Alþingistíðindi* 1957 A, bls. 726.

⁴⁵ *Alþingistíðindi* 1962 B, d. 1525–1526.

⁴⁶ *Alþingistíðindi* 1962 A, bls. 917; sjá Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 158–163.

⁴⁷ *Alþingistíðindi* 1962 A, bls. 917.

⁴⁸ Í nefndinni sátu einnig Auður Auðuns (1911–1999) alþm. og Guðmundur Benediktsson (1924–2005), síðar ráðuneytisstjóri. Sigurbjörn Einarsson, „Ávarp og yfirlitsskýrsla“, *Kirkjuritid* 7–8/1963, bls. 322–336, hér 332.

Sá síðarnefndi taldi að með ákvæðinu væri skert um of frelsi manna til að velja sér legstað.⁴⁹

Umsóknarferli og framkvæmd

Framangreind ákvæði laga og reglugerðar um heimagrafreiti byggðust um margt á framkvæmd sem mótast hafði á áratugunum sem liðnir voru síðan fyrstu grafreitirnir voru stofnaðir. Að sumu leyti náðu ákvæðin jafnvel ekki að breyta framkvæmdinni.

Frá upphafi var ráð fyrir því gert að aðeins sjálfseignarbændur gætu fengið heimild til að taka upp heimagrafreiti. Eitt af fyrstu leyfunum sem veitt var fyrir grafreit hér var til að mynda afturkallað þegar í ljós kom að leyfishafi var ekki eigandi jarðarinnar og hafði heldur ekki leitað samþykkis hans fyrir reitnum.⁵⁰ Eitthvað virðist þó hafa slaknað á í þessu efni þegar komið var fram á fimmta áratug tuttugustu aldar en þá eru dæmi um að grafreitir væru teknir upp á jörðum í opinberri eigu. Á þessu skeiði var heimildarákvæðum kirkjugarðalaganna um heimagrafreiti enda beitt á hvað frjálslegastan hátt. Í þessum tilvikum hefur væntanlega líka verið litið svo á að um lífstíðar- og jafnvel erfðaábúð væri að ræða.⁵¹

Í upphafi var til þess ætlast að beiðnir, svokallaðar bænarskrár, um heimild til að taka upp heimagrafreiti væru stílaðar til konungs og ritaðar á dönsku. Alla jafna hafa þær þó ekki hafnað á borði hans heldur ráðherra sem fór með Íslandsmál, síðar landshöfðingja, æðsta fulltrúa konungs innanlands, og loks stjórnarráðsins og ráðherra eftir 1904. Eftir það voru umsóknirnar oftast ritaðar á íslensku og ýmist stílaðar til konungs eða stjórnarráðsins, jafnvel biskups en til hans skyldu umsóknirnar sendar fyrst til umsagnar samkvæmt lögum frá 1932.⁵² Umsækjendur rituðu oftast umsóknirnar sjálfir en algengt var líka að ættingjar, nágrannar, sóknarprestar, prófastar og í nokkrum tilvikum læknar, lögfræðingar eða alþingismenn gerðu það fyrir þeirra hönd. Frá upphafi fylgdu umsóknunum oft ýmis meðmæli úr héraði svo sem frá sóknarpresti, prófasti og í fáeinum tilvikum sóknarnefnd eða formanni hennar. Þar kom stundum fram að óskin stafaði ekki af andúð í garð kirkjunnar. Dæmi eru um að slíkar umsagnir vægju þungt í umsögn biskups.

Eins og fram er komið breyttist umsóknarferlið í mörgum tilvikum eftir tilkomu símans. En þá var tekið að sækja um leyfi fyrir heimagraftri með símskeytum. Var líka oft kallað eftir skjótum svörum enda stóðu oft en ekki uppi lík og brýnt orðið

⁴⁹ *Alþingistíðindi* 1962 B, d. 1519–1520.

⁵⁰ *ÞÍ*. Íslenska stjórnardeildin. XVI.31. *Islands Journal* 16, nr. 862. Ýmis gögn.

⁵¹ Dæmi eru frá Grímsstöðum í Álftaneshreppi (ríkisjörð) og Merki á Jökuldal (kristfjárjörð) *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Leyfisbréf dags. í febrúar 1943; sama stað. B/1533.2. Bréfasafn. Leyfisbréf dags. í janúar 1955. Jafnvel kom fyrir að ábúenda væri heimilað að taka upp grafreit á annars jörð þótt slíkt leyfi hafði verið afturkallað í öndverðu (sjá framfar). Jarðeigandi varð þá að vera samþykkur. Dæmi frá Ingveldarstöðum í Hjaltadal og Fögruhlíð í Hlíðarhreppi. *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Ísak Jónsson o. fl. til biskups 4. janúar 1950; sama stað. Leyfisbréf dags. í janúar 1950; sama stað. Leyfisbréf 28. desember 1956.

⁵² *ÞÍ*. Bps. 1994. E/2. Bréfabók biskupsdæmis Íslands frá 13. desember 1910 til 7. júlí 1911. Biskup til Eiríks G. Ísfelds 31. mars 1911; sama stað. E/3. Bréfabók biskupsdæmis Íslands frá 7. júlí 1911 til 31. desember 1911. Biskup til Guðna Jónssonar 20. september 1911. Í bréfum biskups getur ákveðins ósamræmis. Í fyrra bréfinu segir að stjórnarráðið *veiti* leyfið en að það *útrvegi* það í síðara bréfinu. Útstríkun og breytt orðalag í því geta þó bent til að stjórnarráðið annaðist afgreiðslu málsins að fullu. *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 155 (l. nr. 64/1932).

að jarðarför færi fram.⁵³ Í framhaldinu var tekið að veita bráðabirgðaleyfi gegn formlegri umsókn síðar sem oft vildi þó dragast.⁵⁴ Ýmis dæmi eru því um að í skjala-safni stjórnarráðsins séu aðeins varðveittar umsóknir í símskeytum og gögn um bráðabirgðaaufgreiðslu.⁵⁵ Þórhallur Bjarnarson (1855–1916) biskup gaf enda (1910) ádrátt um að hafa mætti þennan hátt á í ljósi breyttra samskiptahátta. Þá var hann vissulega að bregðast við vanda sem fólst í svokölluðum bráðabirgðagreftrunum er lík voru grafin í óvígðri mold og jafnvel án venjulegrar aðkomu prests þar sem ekki var svigrúm til að senda formlega umsókn í tæka tíð.⁵⁶ Fyrst í stað var þó reynt að koma í veg fyrir of mikið los í umsóknarferlinu. Þannig synjaði Kristján Jónsson (1852–1926) ráðherra til að mynda vorið 1911 um heimild til greftrunar á Víkinga-vatni í Kelduhverfi sem sótt var um sama dag og útförin átti að fara fram. Áhugavert er að formleg umsókn um grafreit þar var dagsett rúmum mánuði síðar og var leyfið veitt um haustið.⁵⁷ Konan sem í hlut átti hvílir samt í grafreitnum.⁵⁸

Framan af tímabilinu var umsóknum um grafreiti ætíð vísað til umsagnar stifts-yfirvalda, það er biskups og amtmanns í Suður- og Vesturamtinu, en síðar biskups eins. Umsagnir biskupanna voru oftast neikvæðar þótt þeir tjáðu sig vissulega fremur um heimagrafreiti almennt og legðust gegn fjölgun þeirra en að þeir beittu sér gegn stofnun einstakra grafreita og þá með sértækum rökum. Í því efni horfðu þeir til fordæma og jafnræðis milli fólks. Þrátt fyrir þessa andstöðu voru heima-grafreitir heimilaðir í langflestum tilvikum. Í nokkur ár kringum 1920 fylgdi stjórnarráðið þó aðhaldssamri stefnu Jóns Helgasonar (1866–1942) biskups í þessu efni en hann var heimagrafreitum mjög andvígur og leit jafnvel á það sem embættis-skyldu sína að koma í veg fyrir fjölgun þeirra.⁵⁹ Áhrif biskupanna komu fremur fram í því hvernig einstök skilyrði leyfisbréfa voru útfærð og síðar hvernig ákvæði laga og reglugerðar voru túlkuð. Í langflestum tilvikum eru umsagnir biskupa varðveittar með öðrum umsóknargögnum.

Að afgreiðslu lokinni var gefið út formlegt leyfisbréf sem fram að gildistöku kirkjugarðalaganna frá 1932 var gert í umboði konungs. Leyfisbréfið fyrir graf-reitnum að Fiskilæk var birt í *Stjórnartíðindum* og hljóðaði upp á leyfi fyrir „legstað á bæ, þar sem hvorki er kirkja nje bænhús“.⁶⁰ Sýnir það að fast heiti var þá ekki búið að vinna sér þegnrett. Með bréfinu var Þórði Sigurðssyni veitt heimild til að „[...] gjöra sjer og sínum legstað á tjeðri eignarjörð sinni [...]“⁶¹ Eftirfarandi skilyrði voru sett: að sóknarpresturinn vígði legstaðinn, að legstaðurinn væri umgirtur og sett upp sáluhlið, að þar væri klukka í klukknaporti, að eigandi jarðarinnar verði reitinn og héldi honum í „sæmilegu standi“ og að prófastur skoði hann á kostnað leyfishafa

⁵³ Sjá t.d. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/39.1. Bréfasafn. Símskeyti [Þorsteinn] Halldórsson til stjórnarráðsins 7. mars 1908; sama stað. B/84.16. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 10. desember 1910; sama stað. B/95.14. Bréfasafn. Símskeyti Benedikt Kristjánsson til stjórnarráðsins 19. maí 1911.

⁵⁴ Sjá t.d. leyfi vegna grafreits á Þorvaldsstöðum á Skriðdal og Hörgsdal í Mývatnsheiði. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/109.11. Bréfasafn. Símskeyti prófests og sóknarprestis til biskups 23. apríl 1912; sama stað. B/145.3. Símskeyti stjórnarráðsins til héraðslæknis 10. desember 1914.

⁵⁵ Sjá t.d. afgreiðslu vegna grafreits að Þverá í Dalsminni. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Símskeyti sóknarprestis til kirkjumálaráðherra 19. maí 1933 og svar ráðherra 23. maí 1933.

⁵⁶ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/84.16. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 30. apríl 1910.

⁵⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/95.14. Bréfasafn. Símskeyti ráðherra til Benedikts Kristjánssonar 19. maí 1911.

⁵⁸ Legstaðaskrá á *gardur.is*.

⁵⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2. apríl 1929.

⁶⁰ *Stjórnartíðindi* 1878 B, bls. 81 (leyfisbr. 25. maí 1878).

⁶¹ Sama stað.

í hvert skipti sem hann vísiteraði sóknarkirkjuna. Innan tilskilins frests skyldi leyfshafi svo afhenda skuldbindingarskrá með veði í jörðinni sem bindi hann og síðari eigendur jarðarinnar til að fullnægja skilyrðunum.⁶² Í þessu fyrsta leyfisbréfi var ekkert kveðið á um gjöld leyfishafa hvorki til að tryggja viðhald grafreitsins sjálfs né bæta kirkjugarðinum tekjutap. Að öðru leyti voru skilyrðin lítið breytt út tímabilið sem um ræðir og þau formgerð með kirkjugarðalögunum og -reglugerðinni á fjórða áratug tuttugustu aldar. Þegar leyfisbréf hafði verið gefið út afhenti viðkomandi sýslumaður það gegn því að lagt væri fram þinglesið veðbréf til tryggingar á viðhaldi reitsins en síðar einkum girðingarinnar umhverfis hann eftir að tekið var að krefjast að hún væri úr járnbentri steinsteypu. Einnig átti að greiða leyfisgjald (lengi kr. 33,66) og síðar einnig stimpilgjald (lengi 10 kr.). Hækkuðu þessi gjöld til samræmis við leyfis- og stimpilgjöld almennt og voru komin í samtals 150 kr. við lok tímabilsins. Biskupi var aftur á móti, eins og fram er komið, falið að sjá til að kirkjulegum skilyrðum væri fullnægt, það er að reiturinn væri vígður við fyrstu útför og lítið væri eftir honum við prófastsvísitasíur.⁶³

Kröfur um að vandað væri til verka við undirbúning grafreita fóru stigvaxandi, ekki síst hvað varðaði staðarval fyrir reitina og varnir þeirra. Frá 1908 krafðist stjórnarráðið að vottorð héraðslæknis lægi fyrir um að heilbrigðissjónarmiða hafi verið gætt er reitnum var valinn staður.⁶⁴ Var sérstaklega gengið eftir þessu við afgreiðslu umsóknar frá Hlöðum í Hörgárdal og ítrekaði biskup í framhaldinu þetta skilyrði.⁶⁵ Þarna var byggt á hliðstæðu í reglugerð um kirkjugarða frá 1902.⁶⁶ Með lögunum frá 1932 var, eins og fram er komið, fallið frá að krefjast læknisvottorðs og látið nægja að hreppstjóri og tveir skilríkir menn vottuðu að staðurinn væri vel valinn. Ýmsir þingmenn töldu lækna heldur ekki öðrum hæfari til að skera úr um að ekki stafaði hættu af grafreitum. Áfram var samt krafist læknisvottorða eins og verið hafði og lítið svo á að heimamenn ættu fremur að votta að staðurinn væri almennt séð vel valinn.

Það sem helst breyttist var fjárhæðin sem talið var eðlilegt að leyfishafar heimgrafreita legðu í legstaðasjóð enda mögulegt að miða hana við verðlag í landinu. Samkvæmt kirkjugarðalögunum 1932 skyldu hún að lágmarki nema 150 kr.⁶⁷ Þegar sama ár kvaðst Jón Helgason líta svo á að ekki næði nokkurri átt að binda sig við lágmarksupphæðina og áleit að 600 kr. í peningum væri nær lagi í þessu efni en venja hefði verið að bændur settu veð í jörðum sínum sem því næmi til viðhalds

⁶² Sama stað. Við útför í lútherskum sið nægði að klukka væri hringt meðan lík var borið til grafar og að moldun færi fram. Inger Marie Tønnessen, „Kirkelige handlinger i etterreformatörisk tid“, bls. 69–70. Arið 1909 var ákveðið að prófasti bæru hálf vísitasíulaun, eða 10 álnir, fyrir eftirlitið. *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/60.5. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 22. desember 1909; sama stað. Ódagsett minnisblað úr stjórnarráði. Næst þegar veitt var slíkt leyfi, en það var 1885 og þá fyrir grafreit í Brokey, var klukka ekki áskilin. *Stjórnartíðindi* 1885 B, bls. 107–108 (leyfisbr. 30. júní 1885).

⁶³ Lýsingin er byggð á fjölda umsóknargagna úr skjalasafni stjórnarráðsins í Þjóðskjalasafni Íslands. Sjá og *DÍ*. Bps. 1994. E/2. Bréfabók biskupsdæmis Íslands frá 13. desember 1910 til 7. júlí 1911. Biskup til Eiríks G. Ísfelds 31. mars 1911; *DÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Stjórnarráðið til sýslumanns 12. desember 1963.

⁶⁴ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/42.2. Bréfasafn. Stjórnarráðið til biskups 14. maí 1908.

⁶⁵ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/45.7. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 7. ágúst 1908; *DÍ*. Bps. CIII. 77. Bréfabók 18. mars 1908 til 11. maí 1910. Biskup til stjórnarráðsins 7. ágúst 1908. Þórhallur Bjarnarson biskup kvað þó að í þessu efni kynni ýmsum kirkjugörðum ekki síður að vera ábótavant en heimgrafreitunum. *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/60.5. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 22. desember 1909.

⁶⁶ *Stjórnartíðindi* 1902 B, bls. 145; „Heimilisgrafreitur“, *Nýtt kirkjublað* 15/1908, bls. 184.

⁶⁷ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 155 (l. nr. 64/1932).

reitunum.⁶⁸ Þessi krafa biskups um að vikið væri frá lágmarksviðmiðum laganna kemur heim og saman við að hann ítrekaði að ákvæði kirkjugarðalaganna um heimagrafreiti væru aðeins heimildarákvæði sem stjórnvöldum bæri engan veginn að líta á sem skuldbindandi. Í upphaflegu frumvarpi að kirkjugarðalögum frá 1930 hafði einnig verið miðað við 600 kr. Var þeirrar upphæðar krafist í nokkur skipti næstu árin en síðar tekið að miða aðeins við lágmarksupphæð laganna. Árið 1950 hreyfði Sigurgeir Sigurðsson (1890–1953) biskup þeirri hugmynd að bæta skyldi vísitöluálagi við lágmarksfjárhæðina þar sem það hrykki ekki lengur til að tryggja nauðsynlegt viðhald grafreitanna. Á sjötta áratugnum var oft krafist hærri tryggingar en lágmarksupphæðar og þá oftast 450 kr. Var í því efni almennt miðað við tillögur biskupsembættisins og er það dæmi um þau áhrif sem biskup gat haft á framkvæmd laga- og reglugerðarákvæða um heimagrafreiti. Virðist það fyrst hafa verið gert vegna grafreits að Hreiðarsstöðum í Fellahreppi (1951). Þá varð einnig nokkuð algengt að tekið væri að kveða á um að gjaldið skyldi sent biskupsembættinu.⁶⁹ Legstaðasjóðir hafa því ekki alltaf verið stofnaðir enda ekki skylda að gera það.⁷⁰ Í nokkrum tilvikum kusu stofnendur grafreita að binda þetta tryggingargjald sitt í sparisjóði eða kaupfélagi í heimahéraði sínu eða jafnvel stofna formlegan sjóð sem þeir gættu þó sjálfir. Voru þá stundum lagðar fram mun hærri upphæðir en venja var að krefjast.⁷¹

Stærð og stærðarstýring

Örfá dæmi eru um að aðeins væri sótt um grafarstæði fyrir hjón eða jafnvel umsækjanda einan. Almennt miðuðust umsóknirnar þó við stærri hóp. Sumar tiltóku ættingja eða venslamenn almennt og í að minnsta kosti einu tilviki alla sem dóu á viðkomandi stað. Hugmyndir um stóran ættargrafreit samræmdust ættrækninni sem leiddi oft til stofnunar heimagrafreita. Síðarnefnda óskin tók aftur á móti mið af ytri aðstæðum og þeim örðugleikum sem líkflutningar gátu haft í för með sér. Frá upphafi voru heimagrafreitir samkvæmt leyfisbréfum aðeins ætlaðir leyfishafa og nánustu skyldmennum hans. Frá miðjum öðrum áratug tuttugustu aldar var hnykk á þessu skilyrði með því að tilgreina að grafreitirinn væri aðeins ætlaður stofnandanum og nánustu venslamönnum hans sem væru til heimilis á staðnum.⁷² Því var leg í heimagrafreit bæði skilyrt af fjölskylduböndum og búsetu. Heimagrafreitirnar voru því af hálfu yfirvalda einkum hugsaðir sem fjölskyldugrafreitir en ekki heimilisgrafreitir þar sem grafa mætti alla sem til heimilis voru á viðkomandi bæ. Svo hart

⁶⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Biskup til kirkju- og kennslumálaráðuneytisins 5. desember 1932[2].

⁶⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. maí 1933; *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 11. janúar 1950; sama stað. Biskupsritari til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 2. febrúar 1951; sama stað. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. nóvember 1952.

⁷⁰ *Stjórnartíðindi* 1934 B, bls. 189 (reglug. nr. 83/1934).

⁷¹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Bjarni Sigfússon og Ólafur Jónsson til biskups 26. apríl 1941. Sérstakur sjóður var t.a.m. stofnaður til viðhalds grafreits/-hýsis að Þúfnavöllum í Hörgárdal. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Bernharð Stefánsson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 9. maí 1941; *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Björn Jónsson til biskups 19. júlí 1952 ásamt kvittun 18. júlí 1952; sama stað. Stefanía E. Sigurfinnsdóttir til biskups 27. apríl 1951.

⁷² Þetta er einna fyrst tekið fram í leyfisbréfi fyrir grafreit að Fjöllum í Kelduhverfi sem átti þó eftir að verða annar stærsti reiturinn á Norðurlandi og með þeim stærstu á landsvísi í gröfum talið. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Leyfisbréf 28. júlí 1916.

var eftir þessu gengið að 1921 var sýnað um leyfi fyrir eiginlegum heimilisgrafreit að Fagradal í Vopnafirði. Þaðan voru líkflutningar þó svo torveldir að Jón Helgason biskup, einarðasti andstæðingur heimagrafreita á fyrri hluta tuttugustu aldar, hafði sannfærst um að þar væri réttlætlanlegt að stofna slíkan grafreit vegna þess að þaðan væri ekki mögulegt að flytja lík nema í blíðviðri á sumardegum. Stóð í miklu stappi um málið uns leyfi fékkst áratug síðar en þá með venjulegum skilmálum.⁷³ Reiturinn leysti því ekki þann sérstaka vanda sem við var að etja í Fagradal.

Nokkur frávík voru þó frá þessari meginreglu. Í heimagrafreit að Sleðbrjóti í Jökulsárhlið voru grafnir fjórir einstaklingar frá nágrennabæjum áður en almennur grafreitur (1921) og síðar eiginlegur kirkjugarður (1927) var tekinn upp á staðnum. Leyfisbréfið heimilaði ekki þessa notkun og ekki er að sjá að sótt hafi verið um sérstök leyfi fyrir þessum greftrunum. Var þetta gert vegna þess að ella hefði þurft að flytja líkin yfir að Kirkjubæ í Hróarstungu handan Jökulsár á Brú.⁷⁴ Greftranirnar á Sleðbrjóti fóru fram nokkru áður en togstreitan stóð út af grafreitnum í Fagradal án þess að þær kæmu til álitu í það skipti. Þá eru nokkur dæmi kunn um að leyfður væri gröftur nágrenna eða skyldmenna í grafreit án þess að viðkomandi væri til heimilis á staðnum.⁷⁵ Stundum voru slík leyfi veitt í stað þess að heimila að stofnaður væri nýr grafreit.⁷⁶ Hefur þá verið um málamiðlun að ræða. Í slíkum tilvikum varð samþykki leyfishafa grafreitsins ætíð að liggja fyrir. Væri tvíbýli á jörð þjónaði grafreiturrinn aðeins býli upphaflega leyfishafa nema sérstök undanþága kæmi til.⁷⁷ Undantekning var þó ef skyldmenni áttu í hlut og stóðu saman að umsókn.⁷⁸ Ef jörð gekk úr ætt þess sem stofnaði grafreit var nýjum ábúanda óheimilt að nota hann áfram.

Þessar takmarkanir þjónuðu allar þeim tilgangi að halda grafreitunum sem minnstum og koma sem mest í veg fyrir víðtæka röskun á grafsiðnum. Þau stærðarmörk sem Jón Helgason vildi miða við voru að grafreitir gætu rúmað átta til níu leiði.⁷⁹ Fljótlega eftir gildistöku kirkjugarðalaganna og -reglugerðarinnar á fjórða áratug tuttugustu aldar var hætt að taka fram í leyfisbréfum hverjum grafreiturrinn

⁷³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Biskup til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. 1. nóvember 1922.

⁷⁴ Geir Stefánsson, „Kirkjan og kirkjugarðurinn á Sleðbrjót“, *Múlabing* 21/1994, bls. 113–129, hér 113–118; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi 1*, bls. 146–147, 150–151.

⁷⁵ Þetta gerðist t.d. bæði að Hlöðum í Hörgárdal og Espihóli í Eyjafirði sem og að Ekkjufelli í Fellum. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Stjórnarráðið til Stefáns Jónssonar 12. febrúar 1920; sama stað. Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til prófasts 20. nóvember 1924; sama stað. Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til prófasts 7. janúar 1925; A. J., „Jakob Jónsson yfirullarmatsmaður“, *Morgunblaðið* 24. mars 1924, bls. 6. Nokkuð var og um að ung börn væru grafin í nálægum heimagrafreit þótt ekki væri um skyldleika að ræða eins og ráða má af legstaðaskrá á *gardur.is*.

⁷⁶ Þannig var komið í veg fyrir upptöku grafreits að Stóra-Bakka í Hróarstungu og seinkað upptöku að Urriðavatni í Fellum. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Símskeyti prófasts til stjórnarráðsins 18. júní 1924 og svarskeyti 20. júní 1924; sama stað. Símskeyti prófasts til kirkjumálaráðuneytisins 10. september 1933; sama stað. Símskeyti biskups til stjórnarráðsins 16. september 1933.

⁷⁷ Þetta sést vel í framkvæmd vegna grafreits að Hesteyri. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Ýmis skjöl.

⁷⁸ Dæmi er frá Víkingavatni í Kelduhverfi þar sem er stærsti grafreitur á Norðurlandi í gröfum talið. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/95.14. Bréfasafn. Björn Þ. Víkingur og Kristján Kristjánsson til stjórnarráðsins 10. júní 1911. Annað dæmi er einn af fáum grafreitum á Vesturlandi, þ.e. að Kjalvararstöðum í Reykholtssdal. *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Bjarni og Aðalgeir Halldórssynir til biskups 24. janúar 1945.

⁷⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Biskup til kirkju- og kennslumálaráðuneytisins 5. desember 1931.

væru ætlaðir. Í lögunum sagði aftur á móti að þeir væru fyrir leyfishafa og vanda-
menn hans en í reglugerðinni að þeir væru ætlaðir ákveðnum fjölskyldum.⁸⁰ Þar var
því gengið út frá fyrri viðmiðum án þess að krafist væri heimilisfestu á bænum. Í
staðinn var tekið að veita leyfi fyrir grafreitum upp að ákveðinni stærð sem miðuð
var við ummál sem tiltekið var hverju sinni.⁸¹ Varð þetta nánast að reglu frá því um
miðjan fimmta áratuginn. Skömmu áður (1941) lýsti Felix Guðmundsson (1884–
1950), sem um langt skeið var umsjónarmaður kirkjugarða, þeirri skoðun að
heimagrafreitir ættu ekki að vera stærri en svo að þeir rúmuðu tvö til fjögur leiði og
taldi sig þar byggja á venju, sem þó stenst tæpast. Væri miðað við hærri töluna nægði
að hans mati að ummálið væri um 6x4,25 m eða að flatarmálið væri um 25 m².⁸²
Einn minnsti grafreitirinn sem afmarkaður var samkvæmt þessari reglu var 12,5 m²
að Kimbastöðum í Skarðshreppi í Skagafirði en ekki var sótt um heimild fyrir stærri
reit.⁸³ Þeir stærstu eru aftur á móti að Ósum, 100 m², og Lækjarmóti, 120 m², báðir
í Vestur-Húnavatnsprófastsdæminu gamla.⁸⁴ Flestar heimildir kváðu á um grafreiti
kringum 50 m² að stærð. Í umsögnum sínum lagði biskup eða ritari hans oftast til
stærð sem þeir gáfu upp með ummáli. Stjórnarráðið staðfesti í flestum tilvikum
tillögur þeirra í leyfisbréfum. Stærðarmörkin eru annað dæmi um hvernig biskups-
embættinu tókst að móta framkvæmd laga- og reglugerðarákvæða. Þessi nýju
stærðarmörk höfðu í för með sér að heimagrafreitir gátu orðið fullnýttir, sem auð-
vitað átti sér líka stað um eldri grafreiti sem ekki voru þó bundnir af eins hlutlægum
stærðarmörkum. Þar var vandinn því ekki eins formlegur. Allt um það, á eina
dæmið sem fundist hefur um heimild til stækkunar heimagrafreits við um einn elsta
reit landsins, að Rangá í Hróarstungu (stofnaður 1893).⁸⁵ Stærð hans hefur verið
afmörkuð út frá eldri, félagslegu viðmiðuninni.

Til að grafast fyrir um raunverulega stærð heimagrafreita í gröfum talið hefur
verið valið að kanna grafreiti á Norðurlandi sérstaklega. Valið byggist á því að í
þeim landshluta eru heimagrafreitir einna flestir, eða 61 að tölu. Grafreitir eru að
sönnu tveimur fleiri á Austurlandi en fyrir norðan, en norðanlands eru þeir aftur á
móti dreifðir um fleiri héruð en eystra. Dregur það úr líkum á að mjög staðbundnar
aðstæður hafi haft áhrif á stærðarþróunina. Sú var aftur á móti líklega raunin í
Norður-Múlaprófastsdæmi þar sem grafreitir eru langflestir á landsvísu, eða 39. Þar

⁸⁰ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 155 (l. nr. 64/1932); *Stjórnartíðindi* 1934 B, bls. 184 (reglug. nr. 83/1934).

⁸¹ Elsta dæmið um stærðarviðmiðun af þessu tagi er frá Ketilsstöðum á Völlum en í umsókn frá 1905 var gengið út frá
að reiturinn yrði 144 ferálnir. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/15.20. Bréfasafn. Guttormur Vigfússon f.h.
Gunnars Pálssonar til stjórnarráðsins 8. júlí 1905.

⁸² *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Felix Guðmundsson álitserð 24. nóvember 1941.
Leyfisbréf fyrir grafreit að Seljalandi undir Eyjafjöllum markar e.t.v. tímamót í þessu efni en þar er bæði kveðið á um
hverja grafá megi í reitnum og stærð hans í m². *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn.
Leyfisbréf dags. í apríl 1945.

⁸³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Hjörleifur Sturlaugsson til biskups 12. október 1939.

⁸⁴ *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Leyfisbréf dags. í desember 1947. Sama stað. B/1533.2.
Bréfasafn. Leyfisbréf dags. í júlí 1950. Umsókn Eggerts Levy (1875–1953) óðalsbónda og hreppstjóra á Ósum sýnir
mikinn stórhug en hann sótti um leyfi fyrir allt að 200 m² reit sem verða mætti „attargrafreitir Levyættrarinnar“. Hafði
hann líka uppi stór áform um skipulag reitsins og ræktun í honum. *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1.
Bréfasafn. Eggert Levy til biskups 29. nóvember 1947. Þessar væntingar náðu ekki fram að ganga en aðeins fjórir voru
grafnir í reitnum á árabílinu 1953–1999 samkv. legstaðaskrá á *gardur.is*. Í greininni er miðað við þá skipan prófastsdæma
sem var við lýði á blómatíma heimagrafreita og til 1970.

⁸⁵ *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1538.1. Bréfasafn. Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til prófests
20. nóvember 1962; sama stað. B/1538.3. Bréfasafn. Biskup til stjórnarráðsins 19. nóvember 1962; sama stað.
Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til prófests 20. nóvember 1962.

virðast hneigðir eða tíska hafa myndast í kjölfar staðbundinna efnislegra eða hagrænna aðstæðna eins og sýnt verður í síðari greininni. Í Norðlendingafjórðungi er kjarnasvæði grafreitanna frá Vatnsnesi í vestri austur að Laxá í Aðaldal. Það er þó klofið af Eyjafirði þar sem grafreitir eru óvenju fáir. Annars háttar svo til nyrðra að grafreitir eru álíka margir í þremur af fimm prófastsdæmum, eða á bilinu 16–20. Í tveimur prófastsdæmanna eru þeir aftur á móti mun færri, eða þrír og fjórir. Niðurstöðurnar að norðan verða svo bornar saman við Norður-Múlaprófastsdæmi.

Í þeim þremur prófastsdæmum þar sem heimagrafritir eru flestir eru þeir yfirleitt álíka stórir á fyrrgreindan mælikvarða.⁸⁶ Í Húnavatnsprófastsdæmi er fjöldi grafa á bilinu tvær til sjö í öllum grafreitunum að undanskildum grafreitnum að Guðlaugsstöðum í Svínavatnssókn þar sem eru 13 grafir. Grafreiturrinn var stofnaður 1955 og fyrst grafið þar 1960. Allar grafirnar nema tvær eru frá því eftir miðjan níunda áratug tuttugustu aldar og tvær frá því eftir síðustu aldamót. Þarna er því um „ungan“ grafreit að ræða og tímaspönnin milli fyrstu og síðustu greftrunar í honum er rétt í meðallagi þegar miðað er við aðra grafreiti í landshlutanum.⁸⁷ Saga reitsins skýrir því ekki sérstöðu hans. Jörðin hefur aftur á móti verið í eigu sömu ættar frá 1680.⁸⁸ Skýrir það ugglaut fastheldnina við grafreitinn og fjölda þeirra sem þar hvíla. Í Skagafjarðarprófastsdæmi er um helmingur grafreitanna innan sömu stærðarmarka. Dreifingin er þó meiri en í grannhéraðinu í vestri þar sem aðeins ein gröf er í tveimur grafreitum. Þar eru svo fimm reitir með á bilinu sjö til 16 grafir.⁸⁹ Stærsti grafreiturrinn er að Víðivöllum í Blönduhlíð. Alls hvíla þar 16 manns, þar af sex ónafngreind börn ættmenna sem ekki er getið í legstaðaskrá á *gardur.is*. Þar var fyrst grafið 1914 þótt grafreiturrinn væri ekki formlega stofnaður fyrr en 1917. Síðast var grafið þar 1989 og er tímaspönnin milli fyrstu og síðustu greftrunar í meðallagi miðað við grafreiti á Norðurlandi. Grafreiturrinn spannar þó mestan hluta tímabilsins sem heimagröftur á annað borð tíðkaðist í Skagafirði.⁹⁰ Meiru skiptir þó að Víðivellir voru fornfrægt stórbýli. Í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi eru fjórar til átta grafir í flestum grafreitanna. Tveir skera sig þó úr með 15 grafir og eru þeir að Baldursheimi í Mývatnssveit (stofnaður 1912) og Bjarnastöðum í Bárðardal (stofnaður 1914). Reiturrinn að Bjarnastöðum þjónaði þó tveimur heimilum sem var óvenjulegt, Bjarnastöðum og nýbýlinu Rauðafelli. Báðir eru reitirnir fremur „gamlir“ og tímaspönnin milli fyrstu og síðustu greftrunar í báðum er óvenjulöng, eða 88 ár að Bjarnastöðum og yfir 100 ár að Baldursheimi en á báðum stöðum hefur verið grafið eftir síðustu aldamót.

Í Eyjafjarðarprófastsdæmi er dreifing grafreitanna eftir stærð á fyrrgreindan mælikvarða sérstæð að því leyti að þar eru tveir af aðeins fjórum grafreitum óvenju stórir á landsvísu. Í grafreit að stórbýlinu Espihóli (stofnaður 1916) hvíla 12 en í reit að Hlöðum í Hörgárdal (stofnaður 1908) hvíla 13. Báðir voru teknir í notkun

⁸⁶ Varðandi upplýsingar um fjölda grafa og tímasetningu greftrana hér og eftirleiðis er byggt á legstaðaskrá á *gardur.is*.

⁸⁷ Löng saga heimagraftrana á ákveðnum stað eða tímaspönn milli fyrstu og síðustu greftrunar skýrir að vissu marki fjölda grafa í grafreit. Ekki er þó alltaf beint samband milli tímaspannar og fjölda grafa eins og kemur fram á Guðlaugsstöðum.

⁸⁸ Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón, *Landið þitt Ísland 1*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1980, bls. 271.

⁸⁹ Í legstaðaskrá á *gardur.is* eru 11 skráðir í heimagrafreit að Stóraholti í Fljótum. Margar grafirnar eru ótímasettar en sú yngsta frá 1904. Þar er um aflagðan kirkjugarð að ræða en sóknin var sameinuð grannsóknnum 1909. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 2*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 377.

⁹⁰ Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón, *Landið þitt Ísland 5*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1984, bls. 114. Barnanna er getið saman á einni af 11 leturplötum á bautasteini í reitnum sem höfundur kannaði 25. ágúst 2020.

fremur snemma á landsvísu. Síðast var grafið að Hlöðum 1975 en fimm árum síðar að Espihóli. Tímaspönn milli fyrstu og síðustu greftrunar er í lengra lagi á báðum stöðum miðað við grafreiti á Norðurlandi, eða rúm 60 ár. Á báðum stöðum hvíla fleiri en heimafólk en þær grefranir fóru fram á grundvelli formlegra heimilda. Skýrir það stærð þeirra að nokkru. Þriðji grafreitirinn, að Möðrufelli (stofnaður 1918), er einnig fremur stór á landsvísu en þar eru átta grafir. Þar er tímaspönnin í meðallagi. Í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi háttar loks sérstaklega til. Aðeins grafreitirinn að Grundarhóli á Fjöllum (stofnaður 1909) fellur að hinu venjulega munstri en þar eru fjórar grafir. Þá eru ótaldir heimagrafreitirnir að Víkingavatni í Kelduhverfi (stofnaður 1911) og Fjöllum í sömu sveit (stofnaður 1916). Í fyrrnefnda reitnum eru 33 grafir, og er hann langstærsti grafreitirinn á Norðurlandi, en 19 eða 20 í þeim síðarnefnda. Þá eru báðir reitirnir fremur „gamlir“ og á báðum stöðum hefur verið grafið fram á síðari ár. Tímaspönn beggja er því óvenjuleg, eða 97 ár á Fjöllum og 105 ár á Víkingavatni, og er hún hvergi lengri í fjórðungnum. Á Víkingavatni var tvíbýli og var grafreitirinn ætlaður báðum heimilunum, eins og fram er komið. Þar háttar svo til, eins og á Guðlaugsstöðum, að sama ætt hafði búið á jörðinni frá sautjándu öld, sem fá önnur dæmi eru um héraendis. Tryggð við jörðina er þar ugglaut ríkasti þátturinn varðandi þróun og viðgang grafreitsins.⁹¹ Stóru grafreitirnir á Norðurlandi eru því flestir á stórbýlum sem sum hafa verið lengi í eigu sömu ættar. Þá skiptir máli að þeir voru allir, að undanskildum reitnum á Guðlaugsstöðum, teknir í notkun snemma á tímabili heimagrafreitanna og hafa verið í notkun fram til þessa.

Svipað er ástatt með heimagrafreiti í Norður-Múlaprófastsdæmi. Í langflestum þeirra, eða 26 af 39, eru fjórar til átta grafir. Þó eru þar fleiri stórir grafreitir en á Norðurlandi. Þannig eru þar þrjú grafreitir með á milli 10 og 20 grafir og fjórir með yfir 20 grafir. Flestar eru þær að Ekkjufelli í Fellum (grafreitir stofnaður 1917), eða 28. Næststærsti grafreitirinn á svæðinu er að Rangá í Hróarstungu (26 grafir). Stórir grafreitir eru einnig að Skeggjastöðum (22 grafir), Hofi (17 grafir) og Staffelli (13 grafir), sem eru allir í Ássókn í Fellum, auk Litla-Bakka í Hróarstungu (11 grafir). Grafreitirinn að Rangá er með „elstu“ heimagrafreitum landsins en hann var stofnaður 1893. Hinir voru teknir í notkun á öðrum og þriðja áratug tuttugustu aldar og eru því fremur „gamlir“ á landsvísu. Rúmur helmingur þeirra var í notkun fram undir aldamótin 2000 en hinir fram á níunda áratug tuttugustu aldar. Tímaspönnin milli fyrstu og síðustu greftrunar í reitnum að Rangá er með því lengsta sem gerist á landinu, eða 103 ár, en á öllum hinum stöðunum er hún fremur löng eða löng: á bilinu 60–90 ár.⁹² Skiptir það máli hvað stærðarþróunina áhrærir. Þá eru sumir þeirra líka á grónum býlum.

Hvað stærð í gröfum talið áhrærir er því í meginatriðum um sama munstur að ræða á Norðurlandi og í Norður-Múlaprófastsdæmi. Þá sýnir athuginin að raunveruleg stærð grafreitanna hefur verið nær viðmiðum Jóns Helgasonar, sem taldi eðlilegan fjölda grafa í heimagrafreit vera átta til níu, en þeim viðmiðum sem Felix

⁹¹ Að Fjöllum er einn einstaklingur líklega tvítalinn eins og brögð virðast að í legstaðaskrá á *gardur.is*. Um ábúð á Víkingavatni sjá *BÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/95.14. Bréfasafn. Björn Þ. Víkingur og Kristján Kristjánsson til stjórnarráðsins 10. júní 1911.

⁹² Byggt er á skráningu eftirlitsmanns kirkjugarða frá 2002. Í einhverjum reitanna kann að hafa verið grafið síðan þá. Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002 (óútg. skýrsla í vörslu eftirlitsmanns).

Guðmundsson gekk út frá, það er aðeins tvær til fjórar grafir. Bæði fyrir norðan og austan urðu grafreitir þó gjarnan mun stærri en þessir forystumenn í kirkjugarðamálum þjóðarinnar töldu eðlilegt.

Annar mælikvarði á stærð heimagrafreita er flatarmál þeirra, sem segir þó lítið nema einnig sé tekið tillit til fjölda grafa. Grafreitir í núverandi Múlaprófastsdæmi, sem skiptist í Norður- og Suður-Múlaprófastsdæmi á blómatíma heimagrafreitanna, voru mældir við úttekt 2002. Mikilvægt er að hafa það hér er í huga að hér er um kjarnasvæði heimagrafreita í landinu að ræða, en alls eru grafreitirnir 57 á svæðinu.⁹³ Líklega er þarna að finna stærsta og minnsta grafreit landsins. Grafreitur að Skeggjastöðum í Fellum er 260 m² en reitur að Hánefsstöðum í Seyðisfirði er aðeins 2,8 m². Hann er raunar ekki annað en umgirt leiði Sigurðar Einarssonar (1859–1901) hreppstjóra. Hann var grafinn þar heima án heimildar yfirvalda eftir að sóknarprestur hafði synjað ekkju hans, Arnbjörgu Stefánsdóttur (1852–1937), um að hún mætti grafa hann án aðkomu þjóðkirkjuprests í kirkjugarðinum á Fjarðaröldu en hjónin voru únítarar.⁹⁴ Mikill stærðarmunur er á grafreitum sem stofnaðir voru fyrir miðjan fimmta áratug tuttugustu aldar en þá var, eins og drepíð var á, tekið að kveða á um stærð þeirra í leyfisbréfum. Báðir fyrnefndu reitirnir voru teknir upp fyrir þann tíma. Af þessum eldri reitum eru jafn margir undir 70 m² að stærð og yfir þeim mörkum. Helmingurinn af stærri flokknum er svo yfir 100 m². Allur þorri grafreita sem stofnaðir voru eftir að tekið var að kveða á um stærð í leyfisbréfum er á stærðarbilinu 30–70 m² og enginn er yfir 90 m². Ljóst virðist því að nýja aðferðin sem tekin var upp við að stýra stærð grafreitanna hefur haft sín áhrif þótt yfirvöldum hafi vissulega ekki tekist að ná fullri stjórn í þessu efni. Þar sem mögulegt er að bera saman ákvæði leyfisbréfa og raunstærð kemur í ljós að í helmingi tilvika girti stofnandi af of stóran reit, jafnvel svo nam um 20 m². Í sumum tilvikum var leyfið þó alls ekki nýtt til fulls.

Sú könnun á raunstærð heimagrafreitanna sem hér er kynnt bendir til að almennt hafi heimagrafreitir verið eiginlegir fjölskyldugrafreitir eins og þeim var ætlað í lögum og reglugerð, það er að þeir hafi þjónað sem legstaðir stofnandans og nánustu ættmenna hans. Þó hefur hlutverk margra grafreitanna sem notaðir hafa verið fram á síðari ár tekið nokkrum breytingum þar sem afkomendur stofnandans í nokkra ættliði hafa verið grafnir í slíka reiti, jafnvel eftir áratuga búsetu annars staðar á landinu. Þeir hafa þá fremur orðið ættar- en fjölskyldugrafreitir, eins og endurspeglast í stærð þeirra.

Samantekt

Tilkoma heimagrafreita, og í framhaldinu heimagraftrana, hér á landi um 1880 er athyglisvert menningarsögulegt fyrirbæri vegna þess að með nýbreytninni rofnaði festa sem ríkt hafði í greftrunarsíðum þjóðarinnar allt frá því að kristinn siður komst á hér. Fyrir trúarbragðaskipti höfðu þeir sem á annað borð létust heima verið grafnir á kumlateigi býlisins. Er kristni festist í sessi og skipuleg kirkja komst á varð

⁹³ Ekki er tekið fram hvernig reitirnir voru mældir en líklega er gefið upp utanmál girðingar/veggjar. Upplýsingar vantar um tvo af 49 reitum sem skýrslan tekur til. Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002.

⁹⁴ Hjálmar Vilhjálmsson, „Arnbjörg Stefánsdóttir frá Stakkahlíð“, *Múlaping* 1981, bls. 69–82, hér 72–78. Lögfræðilega séð er hér ekki um heimagrafreit að ræða þar sem hann fór ekki í gegnum formlegt leyfisveitingarferli.

almenna reglan sú að allir voru grafnir í sameiginlegum sóknarkirkjugarði. Með heimagrafreitunum urðu hér í fyrsta sinn frá kristnitökutíma til grafreitir víða um land sem ekki voru við guðshús.

Heimagrafreitir voru dreifbýlisfyrirbæri þar sem einungis var ráð fyrir því gert að sjálfseignarbændur gætu stofnað slíkan reit fyrir sig og sína nánustu og þá á ábýlisjörð sinni. Var til þess ætlast að grafreitirnir þjónuðu aðeins sem legstaðir fjölskyldunnar sem bjó á staðnum en ekki óskyldra heimilismanna. Með tíð og tíma varð vissulega víða fremur um ættar- en fjölskyldugrafreiti að ræða þegar nýjar kynslóðir bættust við og hlutu að lokum leg í reitnum, jafnvel ásamt sínum nánustu, hugsanlega eftir langa búsetu annars staðar á landinu. Sú nýbreytni að grafa látna heimafyrir tengdist hagrænni, tæknilegri, félagslegri og ekki síst menningarlegri framsókn í sveitum landsins. Má líta svo á að heimagrafreitir hafi verið sýnileg tákni þessarar vakningarhreyfingar meðal bænda og undirstrikað tengsl fjölskyldna við bújarðir þar sem í stöðugt ríkari mæli var stundaður sjálfseignarbúskapur á fjölskyldubýli í stað hefðbundinnar leiguábúðar sem hér hafði ríkt um aldir. Margir grafreitir voru stofnaðir á fornfrægum höfuðbólum sem höfðu verið í eigu sömu ættar svo að kynslóðum skipti. Það var þó langt í frá algilt. Hér virðist nýbreytnin sem í heimagrafreitunum og heimagraftruninni fólst hafa verið mun alþýðlegri og umfram allt útbreiddari en í nálægum löndum.

Heimagraftarsíðurinn var í upphafi sjálfsprottinn. Með því er átt við að honum var hrint af stað af bændafólki sem knúði á um leyfi til að taka upp heimagrafreiti. Sóttu ýmsir málið svo fast að þeir létu grafa sína nánustu utangarðs og stundum án venjulegrar aðkomu prests þrátt fyrir að þeir ættu ekki í útistöðum við kirkjuna af trúarlegum eða guðfræðilegum ástæðum. Yfirvöld mættu eftirspurninni lengi framanaf með því að veita leyfi fyrir upptöku heimagrafreita á grundvelli stjórnvaldsákvarðana án þess að heimild væri fyrir slíku í íslenskum lögum. Biskupar voru svo til frá upphafi andvígir þróuninni. Andstaða þeirra byggðist á nokkrum mismunandi sjónarmiðum. Bentu þeir á að líklega fælist ákveðin fordild og hégómagirnd í því að vilja skera sig frá fjöldanum, jafnvel eftir dauðann. Þyngra vó þó að þeir óttuðust að heimagrafreitir myndu grafa undan góðri útfararmenningu með því að viðhaldi grafreitanna yrði ábótavant er ábúendaskipti yrðu á jörðum eða þær legðust í eyði, auk þess sem dregið gæti úr ræktarsemi við kirkjugarðana yrðu heimagrafreitir í einstökum sóknum of margir. Loks bentu biskuparnir á að heimagröftur bryti í bága við þá kirkjulegu hefð að sóknarbúar hvíldu allir saman við kirkju sína. Almennt tókst biskupunum þó ekki að koma í veg fyrir að leyfi væru veitt.

Mikil stefnubreyting varð hvað heimagrafreiti áhræði eftir að Framsóknarflokkurinn tók við stjórnartaumum 1927 en flokkurinn var pólitískur armur þeirrar vakningarhreyfingar í sveitum landsins sem þá stóð yfir. Fram til þess tíma höfðu leyfi til að stofna heimagrafreiti hvílt á stjórnvaldsákvörðunum og við undirbúning þeirra höfðu myndast fastmótaðar hefðir. Nú var styrkari stöðum skotið undir grafreitina með heimildarákvæðum í nýjum kirkjugarðalögum frá 1932. Þar var kveðið á um heimild til handa (kirkjumála-)ráðherra þess efnis að hann gæti veitt leyfi fyrir upptöku heimagrafreita með sérstökum skilyrðum sem voru útfærð frekar með reglugerð 1934. Með þessu var það verklag sem myndast hafði áratugina á undan fest í sessi. Vegna þessara tengsla við bændahreyfinguna er heimagraftarsíðurinn áhugavert félagssögulegt fyrirbæri.

Þótt biskupum tækist sjaldan að kom í veg fyrir að leyfi til að taka upp heima-grafreiti væru veitt höfðu þeir töluverð áhrif á hvernig ákvæðum laga um þá var beitt í framkvæmd. Þeir gátu til að mynda komið í veg fyrir að grafreitir yrðu óhæfilega stórir. Þá mótuðu þeir einnig stefnu um hve háar fjárhæðir skyldu lagðar fram til að tryggja viðhald þeirra.